

Nr. 20-124 S 089 Krístrún RE 177***Skipverji féll í stiga***

Skipaskr.nr.: 2774
Útgerð: Fiskkaup hf
Smíðaður: Noregur, 1988, stál.
Stærð: 764,98 bt.
Mesta lengd: 47,70 *Skráð lengd*: 41,49 m
Breidd: 9,0 m *Dýpt*: 6,75 m
Vél: Caterpillar, 735 kw, 1988
Fjöldi skipverja: 16



Krístrún©Þór Jónsson

Gögn:

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 26. febrúar 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 30. nóvember 2020 var Krístrún RE 177 á siglingu inn Eyjafjörð. Veður: Blíða og sléttur sjór.

Skipverji féll í stiga innan skips og fékk áverka á bak og höfuð. Að höfðu samráði við lækni var siglt með hann til Akureyrar og honum komið undir læknishendur.

Við rannsókn kom fram:

- að stiginn sem slasaði féll í var frá mannaíbúðum og upp í brú skipsins;
- að slasaði var á leið niður stigann þegar hann féll aftur fyrir sig með þeim afleiðingum að hann fékk heilahristing, áverka á bak, háls og olnboga;
- að slasaði var í opnum inniskóm.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar en nefndin hvetur sjómenn til að nota ávallt lokaða inniskó um borð í skipum sínum.